



## Vinumarkaður á réttri leið

Ríkisstjórnarskipti hafa alltaf markað ákveðin tímamót hér á landi. Ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og með henni nýjar áherslur á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Óvissan í efnahagsmálum er enn töluverð og hefur heldur hefur slegið á þær miklu væntingar sem voru uppi á síðasta ári um hagvöxt. Samanburður við nágrannaríkin (OECD-ríkin og evrusvæðið) sýnir þó að þróunin að undanfögnu hefur verið tiltölulega hagstæð hér á landi, meira hefur dregið úr atvinnuleysi og hlutfall starfandi á vinnumarkaði hefur aukist.


Í nýlegri endurskoðun Seðlabankans á þjóðhagsspá sinni var mikilvægi vinnumarkaðar hvað þróunina á næstu árum varðar undirstrikað. Spurningin um þróun atvinnustigs og atvinnuleysis skiptir miklu máli. Atvinnuleysið í dag hefur gengið niður frá hruni en það er enn hátt á íslenskan mælikvarða. Það er ljóst að töluvert er um ónýtta afkastagetu í hagkerfinu sem þyrfti að virkja til þess að auka verðmætasköpun. Þá skiptir launa- og kaupmáttarþróun næstu ára ekki minna máli. Líta þarf þónokkur ár aftur í tímann til að finna lægri kaupmátt og eru miklar kröfur um úrbætur. Staða atvinnulífsins er hins vegar með þeim hætti að flest fyrirtæki, sérstaklega þau sem ekki eru í útflutningsgreinum, standa tæplega undir miklum launahækkunum. Skilaboð og áherslur nýrrar ríkisstjórnar koma til með að skipta máli hvað þetta varðar.

### Atvinnuleysi



Atvinnuleysi hefur minnkað stöðugt á síðustu ársfjórðungum og mældist samkvæmt Vinnumálastofnun 4,9% í apríl. Tölur Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi eru lægri en tölur Hagstofnunar. Tölur Hagstofnunar, sem byggja á úrtakskönnun, sýna 6,6% atvinnuleysi í apríl. Mun meiri sveiflur eru í könnun Hagstofnunar en atvinnuleysistöður stefna ákveðið niður á við á báða mælikvarða.

Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni ber að taka tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi með fyrirvara um þessar mundir þar

### Atvinnuleysisprósenta - breyting milli ársfjórðunga



### Hlutfall starfandi - breyting milli ársfjórðunga





sem ýmsar breytingar á reglum í kringum atvinnuleysisbótarétt hafa átt sér stað að undanfögnu. Þessa áhrifa gætir hins vegar ekki í vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar sem eru stöðugri og án slíkra áhrifa. Niðurstöður Hagstofunnar eru því betri mælikvarði á raunverulega þróun á vinnumarkaði þessa stundina.

### **Margir hverfa af vinnumarkaði**

Breytingar á reglum í kringum bótarétt og missir á bótarétti hafa óneitanlega brenglað tölfraði um vinnumarkaðinn töluvert. Það er ljóst að fólk hefur yfirgefið vinnumarkaðinn í einhverjum mæli eftir að bótarétti lýkur. Þannig áætla Vinnumálastofnun að um 1.900 manns hafi misst bótarétt á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Einhver hluti þessa fólks hverfur af vinnumarkaði, allavega tímabundið, þannig að mannaflí á vinnumarkaði minnkar. Nú í apríl áætlaði Vinnumálastofnun að mannaflí á vinnumarkaði væri um 164.500 manns. Samsvarandi tala í apríl 2012 var um 167.500 manns. Mannaflinn minnkaði þannig um rúmlega 3.000 manns á einu ári, eða um 1,9%.

### **Vinnuafslnotkun – lengd vinnutíma**


Mælingar á vinnuafslnotkun og þróun heildarvinnustunda hafa gefið mismunandi vísbendingar um hver raunveruleg staða sé. Þannig hafa t.d. komið fram merki um að meðalvinnutími sé að styttest samfara fjölgun fólks á vinnumarkaði. Þróun næstu mánaða mun eflaust skera úr um hvert stefnir í þeim efnum, en í nýrri þjóðhagsspá sinni gerir Seðlabankinn ráð fyrir áframhaldandi fjölgun vinnustunda, þrátt fyrir að nokkuð dragi úr miðað við fyrri spár.

### **Fyrirtækin vilja fjölga fólki**

Í nýlegri könnun frá Capacent Gallup kom fram að fleiri fyrirtæki vildu fjölga starfsmönnum en fækka á næstunni. Áform um að fækka starfsfólki frekar en fjölga virðast aðeins uppi í sjávarútvegi og fjármálastarfsemi. Áform fyrirtækja í byggingastarfsemi eru mjög athyglisverð, en um 44% þeirra vilja nú fjölga starfsmönnum. Sú starfsemi varð einna harðast úti í hruninu og benda þessar tölur til þess að farið sé að birta til í þessari mannaflsfreku atvinnugrein.

### **Heildarvinnustundir**


- spá Seðlabankans



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Ísland

### **Þróun atvinnuleysis**

- spá Seðlabankans



Heimild: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands



## Svipuð þróun áfram

Atvinnuleysishorfur til næstu þriggja ára hafa lítið breyst á síðustu mánuðum. Þannig gerir Seðlabankinn ráð fyrir að mælt atvinnuleysi verði um 4,6% á þessu ári, um 4,2% á því næsta og um 4% á árinu 2015.

## Launamálin - er kaupmátturinn á réttum stað?

Kaupmáttur, mældur með launavístölu, er nú svipaður og hann var í lok ársins 2005. Kaupmátturinn var hæstur um mitt ár 2007 en féll svo um u.þ.b. 16% fram til vorsins 2010. Síðan hefur kaupmáttaraukning verið u.þ.b. 10% og hefur aukningin verið á svipuðum hraða og var á árunum eftir 2002. Sé lítið á þróun síðustu tveggja ára sést greinilega að töluverðar launahækkningar hafa ekki náð að hækka kaupmáttinn að neinu marki. Haldist verðbólga á svipuðum slóðum og nú er má ætla að kaupmáttarstigið verði eilítið betra en raunin var á síðasta ári.


## Kjaramál í biðstöðu

Nokkur kyrrstaða virðist nú ríkja á vinnumarkaði hvað launaþróun varðar. Þannig hækkaði launavísitalan um 2,4% milli tveggja síðustu ársfjórðunga og árshækkun hennar í mars var 5,5%. Stærsti áhrifavaldurinn á þróunina að undanfögnu var almenn hækkun kjarasamninga í febrúar og mars. Markverðustu launabreytingar einstakra hópa þar fyrir utan voru samningar við hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Boðuðu áframhaldi þess ferils virðist ekki lokið enn og virðast þeir samningar ekki enn hafa haft áhrif á aðra starfshópa sem neinu nemur.

## Þrýstingur kraumar undir


Svo virðist sem kröfur um launahækkningar hafi vikið til hliðar á meðan kosningabaráttan stóð yfir, en í vetur voru uppi kröfur um launahækkningar til ýmissa starfshópa, aðallega á opinbera markaðnum. Upplýsingar um stöðu ríkisfjármála benda ekki til þess að svigrúm til launahækkana hafi aukist á síðustu mánuðum. Kröfur um hækkningar munu örugglega koma aftur upp í umræðuna þegar hveitibrauðsdagar nýrrar ríkisstjórnar eru að baki.

## Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



### **Verður leitað nýrra leiða?**

Eins og stundum áður hefur komið upp umræða um nýjar aðferðir og áherslur við gerð kjarasamninga næsta vetur. Kjarasamningar renna út í lok nóvember og er undirbúningur samningaviðræðna þegar hafinn. Staðan til almennra kjarabóta og aukningar kaupmáttar er erfið. Framleiðniaukning í hagkerfinu er tiltölulega lítil og launakostnaður á framleidda einingu hækkar mun meira um þessar mundir en nemur opinberu verðbólgu markmiði Seðlabankans. Það bendir m.ö.o. til þess að launahækkanir sem samrýmast ekki stöðugu verðlagi munu ekki leiða til varanlegrar kaupmáttaraukningar. Það er því spurning hvort leitað verður leiða til þess að bæta kaupmáttarstöðu með öðrum hætti en hefðbundnum launahækkunum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.